

THE SNORRI FOUNDATION



Reykjavík 18. október 2018

Erindi: Stuðningur við Snorraverkefnið 2019

Með þessu bréfi óska ég undirritaður eftir stuðningi sveitarfélags þíns við Snorrasjóð vegna framkvæmd Snorraverkefnisins á árinu 2019. Aðkoma sveitarfélaga hefur frá upphafi skipt sköpum fyrir verkefnið bæði fjárhags- og framkvæmdarlega. Yfir 40 sveitarfélög hafa tekið þátt og hafa þátttakendur undantekningalaust hlotið góðar móttökur.

Sumarið 2019 mun hópur ungmenna af íslenskum ættum á aldrinum 18 – 28 ára koma hingað til lands frá Kanada og Bandaríkjunum til að kynna rötum sínum. Markmið verkefnisins er að styrkja tengsl afkomenda Íslendinga í Norður-Ameríku við Ísland og hvetja unga Vestur-Íslendinga til að varðveita og rækta íslenska arfleifð sína. Verkefnið er samstarfsverkefni Þjóðræknisfélags Íslendinga og Norræna félagsins og stendur yfir í 6 vikur, eða frá 16. júní – 26. júlí 2019 og skiptist í þrjá hluta:

- I. Tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sérstök áhersla er lögð á íslenskukennslu en einnig er boðið upp á léttu kvöld- og helgardagskrá.
- II. Dvöl í þrjár vikur í heimabyggð forfeðra/-mæðra. Starfskynning hjá fyrirtæki eða sveitarfélagi á svæðinu í allt að þrjár vikur. Hér er lögð áhersla á að þátttakendur fái að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og fjölskyldulífi, þannig kynnist þeir landi og þjóð á dýpri hátt.
- III. Vikulöng landkynningarferð um merkisstaði í náttúru Íslands þar sem gist er í svefnpokaþlássí vítt og breytt um landið.

Lögð er áhersla á að ungmennin dvelji hjá ættingjum á landsbyggðinni og óskum við eftir því að sveitarfélagið styðji framkvæmd Snorraverkefnisins 2019 með því að:

- leggja verkefninu lið með kr. 140.000.- framlagi;
- styrkja verkefnið um kr. 140.000.- og taka einn þátttakanda í starfsþjálfun yfir þriggja vikna tímabil sem hefst mánudaginn 1. júlí 2019; eða
- styrkja verkefnið með smærra fjárframlagi, með eða án starfsþjálfunar;
- styrkja landkynningarferð verkefnisins og/eða bjóða upp á upplifun á svæðinu.

Þátttakendur þurfa ekki atvinnuleyfi, enda er um starfsþjálfun að ræða og greiðir Snorraverkefnið fyrir ferðir til og frá svæðinu, vasapening og tryggingar.

Þátttaka ungmenna í Snorraverkefninu hefur reynst árangursrík leið til að færa íslenskan menningararf til nýrrar kynslóðar og eru margir þátttakendur orðnir virkir í sínu Íslendingafélagi í Vesturheimi. Þessi arfur er hluti af sögu okkar og menningu sem okkur ber skylda til að varðveita. Auk þess er Snorraverkefnið gífurleg landkynning og snertir líf tuga fólks á ári hverju og iðulega heimsækja ættingjar ungmennanna síðar það svæði sem dvalið var.

Það er von mín að þið getið tekið þátt í þessu jákvæða verkefni með okkur. Ef óskað er frekari upplýsinga um þessa starfsemi verða þær góðfúslega veittar.

Með hlýrri vetrarkveðju. - F.h. stjórnar Snorrasjóðs,


Halldór Arnason, formaður Snorrasjóðs

Snorrasjóður
Óðinsgötu 7 – 101 Reykjavík
www.snorri.is – info@snorri.is

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	22.10.2018
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1810287

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

THE SNORRI FOUNDATION



Snorrahópurinn 2018

Sautján ungmenni á aldrinum 19-28 ára tóku þátt að þessu sinni. Meirihluti þátttakenda voru kvenkyns að þessu sinni og fjórir þátttakendanna komu frá Bandaríkjunum.

"Loved meeting my relatives, so thankful they let me stay there and that they introduced me to all my other relatives living in the area. My host family took the time not only to show me around Akureyri but also to tell me all about my relatives and ancestors! Was so amazing!" – 2018 Participant



Snorrahópurinn á ferð í Drangey

Einn víðamesti hluti verkefnisins er þriggja vikna dvöl þátttakenda hjá ættingjum sínum víðsvegar um landið. Árið 2018 dvöldu þátttakendurnir hjá fjölskyldum á Akranesi, í Borgarfirði, á Akureyri, á Sauðárkróki, á Dalvík, í Hveragerði, á Vopnafirði og á Kópaskeri. Þátttakendurnir fengu mikilvæga innsýn inn í daglegt líf Íslendinga á hverjum stað fyrir sig ásamt því að hljóta dýrmæta reynslu við sjálfböðastörf og leik. Allir þátttakendur voru þakklátir fyrir að hafa fengið tækifæri til að dvelja hjá ættingjum og endurspegluðu lokaverkefni þeirra mikla gleði og fögnuð yfir að fá að tengjast íslenskum rótum sínum. Hópurinn var þar að auki einstaklega áhugasamur um íslenska tungu og margir ætla sér að verða fullnuma í íslensku.

Að lokinni dvöl hjá ættingjum hélt hópurinn í vel heppnaða landkynningarferð um landið þar sem gist var í svefnpokapláss. Farið var um Borgarfjörð, Snæfellsnes og Strandir. Að auki var farið um Skagafjörð og dvalið á Hofsósi þar sem Vesturfarasetrið var skoðað. Dagskráin endaði á góðri kvöldstund á Höfuðborgarsvæðinu þar sem þátttakendur kynntu lokaverkefni sín.

Bæjarstjórn Garðabæjar

b.t. Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra

Snorrasjóður
Óðinsgötu 7 – 101 Reykjavík
www.snorri.is – info@snorri.is